

## Stjórnarfundur nr. 11

20. maí 2015 kl.17:30 á skrifstofu HRFÍ

### Dagskrá

#### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Ég ákvað að kaupa kynningu á félaginu í aukablaði DV sem fjallaði um öðruvísi afþreyingu núna fyrir stuttu, Brynja Tomer tók að sér að skrifa innihaldið og ég held að þetta hafi heppast vel, greinin liggur á netinu og hefur verið deilt mikið meðal okkar félagsmanna.

Undirbúningur fyrir sýninguna gengur vel, fyrsti dómari kemur til landsins á morgun fimmtudag, þrír á föstudag en vegna mikillar skráningar þá þurfti að kalla til aukadómara sem kemur til landsins á laugardag. Teppin eru komin til landsins og verða þau lögð á föstudagsmorgun af Æskulýðsnefnd Fáks. Sýningastjórn og framkvæmdanefnd sýninga stóð frammi fyrir því að sjá sér ekki fært að leggja teppin þar sem mjög illa skilaði sér af fólki frá deildunum, en þar sem þetta var aukasýning var leitað til allra deilda félagsins eftir hjálp og aðeins svöruðu örfáar. Því var gripið til þess ráðs að kaupa þessa þjónustu og verð ég að viðurkenna að það þykir mér sorgleg þróun. Við hinsvegar munum að sjálfsögðu notast við sjálfboðaliða deildana til að setja upp og taka niður sýninguna, eftir að teppin hafa verið sett niður. Sýningastjórn tók jafnframt þá ákvörðun að skipta um ljósmyndara á sýningum og fól framkvæmdastjóra að semja við nýjan ljósmyndara. Ólöf Gyða Risten tók verkefnið að sér.

Skráning í augnskoðun fer vel af stað í Reykjavík, hún fer ekki alveg jafn vel á stað á Akureyri og ennþá vantar mikið uppá lágmarksskráningu sem þarf til að hægt sé að bjóða uppá hana. Ég ákvað að prufa að vera með augnskoðunina í Reykjavík á föstudegi og laugardegi í stað laugardags og sunnudags, þar sem margir fara útúr bænum yfir sumartímann og það sýnir sig strax að það var rétt ákvörðun, mun fleiri kjósa að fá tíma á föstudeginum heldur en á laugardegi.

#### 2. Skýrslur frá fastanefndum

Ritnefnd og vísindanefnd hafa skilað skýrslu.

Aðrar fastanefndir félagsins hafa ekki skilað skýrslu þ.e. sýningarstjórn, skólanefnd ættbókarnefnd og laganeftnd.

#### 3. Ársskýrslur ræktunardeilda

Shih Tzudeild, yorkshire terrierdeild og cavalierdeild.

#### 4. Erindi frá Schäferdeild – umsókn um sýningu – tölvupóstur 15.apríl .

Erindið sent á sýningarstjórn samdægurs – svar 21 apríl.

Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundum 28. apríl þar sem farið var fram á frekari upplýsingar frá deildinni. Svar við fyrirspurnum barst frá deildinni 7. maí.

**Samþykkt.**

#### 5. Erindi frá stjórn Unglingadeildar HRFÍ – tölvupóstur 29. apríl.

Breyting á nafni deildarinnar í Barna og unglingsdeild HRFÍ.

Tölvupóstur frá formanni HRFÍ 30. apríl til Unglingadeildar:

„Við höfum nokkrum sinnum talað um nafn á deildinni. Vonandi getum við boðið upp á fleira á vegum deildarinnar í framtíðinni þar sem fleiri en börn og unglingar taka þátt. Hvað finnst þér um Ungmennadeild Hundaræktarfélags Íslands - passar mjög vel ef við fáum inngöngu í ÍSÍ“

Samþykkti stjórn Unglingadeildar þessa tillögu formanns um nýja nafngift.

## **6. Erindi frá Jórunni Sörensen – tölvupóstur 29. Apríl**

Stjórn þakkar Jórunni fyrir ábendinguna og brást við erindinu með því að fá umfjöllum sem birtist við vara formann í Morgunblaðinu í 20.maí.

Þessu máli skylt er mjög svo ánægjuleg samþykkt borgarstjórnar á tillögu Hildar Sverrisdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/05/19/rikisvaldid\\_rymki\\_reglurnar/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/05/19/rikisvaldid_rymki_reglurnar/)  
[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/05/19/vilja\\_leyfa\\_dyr\\_a\\_kaffihusum/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/05/19/vilja_leyfa_dyr_a_kaffihusum/)

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að beina því til ríkisins að rýmka reglur svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr var samþykkt í borgarstjórn í dag.

Aðeins borgarfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina sátu hjá.

Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi mælti fyrir um tillögunni. Í henni segir jafnframt að það sé réttlætismál að sveitarfélög hafi svigrúm gagnvart eigendum slíkra staða, svo sem kaffihúsa, veitingastaða, líkamsræktarstöðva, samkomuhúsa, að leyfa dýrahald ef þeir óska.

### **Tillagan í heild sinni:**

Borgarstjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til ríkisvaldsins að rýmka reglur um hollustuhætti og matvæli svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr, svo sem á kaffihúsum, veitingastöðum, líkamsræktarstöðvum, samkomuhúsum o.s.frv. Það er réttlætismál að sveitarfélög hafi svigrúm gagnvart eigendum slíkra staða að leyfa dýrahald ef þeir óska.

## **7. Erindi frá stjórn Chihuahuedeildar – tölvupóstur 30. Apríl**

Erindi vísað til vísindanefndar.

## **8. Erindi frá stjórn Siberian huskydeild – tölvupóstur 14. maí**

Erindi vísað til vísindanefndar.

## **9. Erindi frá stjórn Tibet spanieldeild – tölvupóstur 15. maí**

Erindi vísað til vísindanefndar.

## **10. Erindi frá Ágústi Ágústssyni – tölvupóstur 7. maí**

Stjórn þakkar góða ábendingu sem verður skoðuð frekar af næstu stjórn

## 11. Erindi frá Einari Guðnasyni f.h. ensk settareigenda – tölvupóstur 18. Maí

Erindinu hafnað þar sem stofnstærðin er ekki nægjanleg til að uppfylla skilyrði um stofnum ræktunardeilda.

Formaður bókar:

Í ljósi þess hvernig staðið var að niðurlagningu DESÍ á sínum tíma og áhuga eigenda ensk settareigenda á að endurvekja deildina aftur styð ég framkomna beiðni þrátt fyrir að reglugerð um stofnun sérdeildar sé ekki uppfyllt.

## 12. Tölvupóstur frá dómarráði.

Til stjórnar HRFÍ

Haukur Reynisson er ákjósanlegur aðili til sækisprófsdómaranáms og góður fulltrúi okkar á námskeið fyrir sækisprófsdómaranema sem honum er boðið á og haldið verður í Noregi.

Samkvæmt núgildandi námsreglum til fuglahundadómara bjóða þær ekki upp á að náminu sé skipt upp, þ.e.a.s. vettvangs og sækivinnu þættirnir séu teknir í sitthvoru lagi. En þar sem endurskoðun á reglum til fuglahundadómara náms er á næsta leiti hjá dómarráði og HRFÍ (rætt á stjórnafundi HRFÍ með 2 fulltrúum dómarráðs 12 mars 2015)

([http://www.hrfi.is/uploads/2/2/3/3/22333014/stj%C3%B3rnarfundur\\_nr\\_8\\_11\\_mars2015.pdf](http://www.hrfi.is/uploads/2/2/3/3/22333014/stj%C3%B3rnarfundur_nr_8_11_mars2015.pdf))

Mælir dómarráð eindregið með Hauk til að hefja nám til sækisprófsdómara með þeim fyrirvara að það stangist ekki á við komandi reglur.

Eins og áður hefur komið fram stenst Haukur þær kröfur um hæfni til dómaranema.

1) Almennar kröfur um hæfni dómaranema.

a. Góður persónuleiki til mannlegra samskipta.

b. Löng veiðireynsla, staðfest með vottorði frá veiðistjóra um árafjölda sem veiðikort hafa verið greidd og vera með skotvopnaleyfi.

c. Hafa þjálfað og leitt hunda til einkunnar á veiðiprófi. (1. einkunn í sækisprófi)

d. Hafa þjálfað og leitt hund til 1.OF. á veiðiprófi. (1. einkunn í sækisprófi)

e. Hafa verið þátttakandi í öllum flokkum á veiðiprófi UF, OF og KF. (þáttakandi og 1.einkunn uf og of í sækisprófi) (ekki er keppt í kf sækisprófum)

f. Reynsla sem prófstjóri við skipulagningu veiðiprófa og nokkra ára þátttaka í veiðiprófum. (áralöng reynsla af prófstjórn, þáttöku, skipulagningu ásamt aðstoðmaður dómara)

g. Vera félagi í HRFÍ

F.h. dómarráðs fyrir tegundarhóp 7

Pétur Alan Guðmundsson

**Samþykkt**

## 13. ShihTzu deild tölvupóstur – 11.maí 2015 (áður sent á vísindanefnd)

Erindið sent á vísindanefnd. (stjórn samþykkir að Vísindanefnd taki til athugasemdar)

#### **14. Önnur mál**

Undirbúningur aðalfundar.

Samþykkt að Herdís vara formaður undirriti bréf fyrir hönd stjórnar til Utanríkisráðuneytis og Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti vegna vinnu einangrunarhóps.

**Fundi slitið kl.10.00**